

Úttekt á hagrænum áhrifum laxveiða á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum

Júlí 2015

Unnið af:

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða ehf.

Jón Páll Hreinsson
Verkefnisstjóri
jonpall@atvest.is

Inngangur

Vist er að veiði í ám og vötnum hafi verið stundum frá landnámi á Vestfjörðum líkt og annarsstaðar á Íslandi. Á Vestfjörðum rennar fjölmargar ár til sjávar og fjöldi heiðavatna liggja um flest fjöll á svæðinu.

Formleg sala á veiðileyfum til veiðimanna sem tekjuöflun hófst þó ekki fyrr en á um miðja tuttugustu öld þegar veiðimenn sótust eftir því að nýta lax sem gekk í árnar við Ísafjarðardjúp. Fljótlega urðu Langadalsá og Laugardalsá þeirra þekktastar og hafa þær tvær boríð uppi veiðina undanfarna áratugi.

Í þessari hagrænu úttekt er leitast við að leggja hlutlægt mat á þann efnahagslega ávinnung sem hlýst af laxveiðum stangaveiðimanna á áhrifasvæði laxeldis á Vestfjörðum og þann efnahagslega ávinnung sem fæst með því að fá laxveiðimenn til veiða á svæðinu.

Aðferðafræði

Í þessari skýrslu er notast við aðferðafræði við greiningu efnahagslegra áhrifa stangveiða sem fjallað var um og skilgreind í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2004, „*Lax- og silungsveiði á Íslandi – Efnahagsleg áhrif*“.¹

Skýrslan er ennþá, ellefu árum eftir útgáfu, besta heimild um greiningu efnahagslegra áhrifa stangveiða á Íslandi. Það er mikilvægt að sú greining sem þar kemur fram sé höfð til hliðsjónar til að auðvelda samanburð og tryggja gegnsæi í vinnubrögðum.

Mynd 1. Niðurstaða efnahagslegrar greiningar stangveiði á Íslandi árið 2004

Tafla 5.1. Efnahagsleg áhrif innlendra og erlendra stangaveiðimanna á Íslandi.

	Nedra mat	Efra mat
Bein áhrif		
- Tekjur veiðifélaga	868	961
- Tekjur leigutaka	173	228
- Tekjur annarra sem tengjast veiðum beint:		
- Innlendir stangaveiðimenn	501	543
- Erlendir stangaveiðimenn	201	403
Bein áhrif (Samtals)	1.743	2.135
Obein og afleidd áhrif	6.068	6.958
Efnahagslegt virði stangaveiða	7.811	9.093

Höfundur skýrslunar er sjálfur stangaveiðimaður og hefur veitt margssinnis í öllum þeim vatnasvæðum sem fjallað er um í skýrslunni sl. áratug. Hluti ákvarðanatöku við greiningar í þessari skýrslu sem og aðrar ákvarðanir byggja á persónulegri þekkingi höfundar á stangveiði og veiðum í laxveiðiám á Vestfjörðum.

¹ <http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2004/C0406-Lax-og-silungsveidi-a-Islandi-efnahagsleg-ahrif.pdf>

Laxveiði á Vestfjörðum

Mynd 2: Skráðar veiðar á vatnasvæðum á Vestfjörðum árið 2014

Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum árið 2014 (þyngd er i kg og MP = meðalþyngd).

Nafn ár	Laxveiði					Smá lax					Stórlax					Silungsveiði											
	Veiði laxa	Fjöldi sleppt	Aflí fjlđi	Aflí þyngd	MP heild	Veiði smálax	Aflí smálax	Sleppt smálax	Hlutfall smálax	MP smálax	Veiði stórlax	Aflí stórlax	Sleppt stórlax	Hlutfall stórlax	MP stórlax	Veiði urriða	Aflí urriða	Sleppt urriða	Hlutfall urriða	Aflí (kg) urr.	MP urr.	Veiði bleikja	Aflí bleikja	Sleppt bleikja	Hlutfall bleikja	Aflí (kg) bleikja	MP bl.
Gufudalsá	18	0	18	31	1,7	18	18	0	0,0	1,7	0	0	0	0	0	10	10	0	0	5	0,5	622	563	59	9,5	259	0,5
Dorskarfjörðará	51	16	35	89	2,6	38	30	8	21,1	2,2	13	5	8	61,5	4,8	14	13	1	7,7	8	0,6	49	43	6	12,2	43	1,0
Vatnsdalsá í Vatnsfirði *																											
Fanbarhornsá	98	8	90	239	2,7	77	69	8	10,4	2,1	21	21	0	0,0	4,6	6	5	1	0	8	1,5	89	86	3	3,4	42	0,5
Skálardalsá	2	0	2	4	2,2	2	2	0	0,0	2,2	0	0	0	0	0	6	4	0	0	0	0,9	289	276	13	4,5	152	0,6
Mórdalsá *																											
Sauðurðóssá	29	1	28	69	1,9	27	27	0	0,0	1,8	2	1	1	50,0	5,0	1	1	0	0,0	1	1,0	0	0	0	0,0	0	0,0
Staðará í Súgandafirði	65	43	22	77	3,5	37	19	18	48,6	1,7	28	3	25	89,3	6,2	1	1	0	0	1	1,0	3	3	0	0,0	3	1,0
Flötavík																											
Heydalsá *																											
Fossá í Skutulsfirði *																											
Langadalsá	158	81	77	187	2,4	77	67	10	13,0	2,2	81	10	71	87,7	4,1	0	0	0	0,0	0	0,0	7	4	3	42,9	111	2,8
Isafjarðarár	48	2	46	115	2,5	45	43	2	4,4	2,4	3	3	0	0,0	3,7	0	0	0	0,0	0	0,0	6	6	0	0,0	5	0,8
Laugardalsá	138	58	80	194	2,4	108	75	33	30,6	2,3	30	5	7	23,3	4,8	132	65	67	0,0	48	0,7	1	1	0	0,0	1	1,0
Laugardalsvatn *																											
Hvannadalsá	68	7	61	201	3,3	38	37	1	2,6	2,8	30	24	6	20,0	5,1	0	0	0	0,0	0	0,0	2	2	0	0,0	1	0,7
Selá í Srafarjardájúpi	4	0	4	14	3,4	4	4	0	0,0	2,6	0	0	0	0,0	0,0	0	0	0	0,0	0	0,0	13	13	0	0,0	13	1,0
Bjarnarfjarðarár																											
Hvalsá	18	6	12	36	3,0	13	10	3	23,1	2,6	5	2	0	0,0	5,3							3	3	0	1,0	3	0,9
Selá í Steinumfj.	11	1	10	40	4,0	3	3	0	0,0	1,8	3	7	-4	-133,3	5,8	0	0	0	0,0	0	0,0	46	46	0	0,0	51	1,1
Miðdalsá *	14	1	13	39	3,0	9	9	0	0,0	2,1	5	4	1	20,0	5,1	0	0	0	0,0	0	0,0	63	58	5	7,9	47	0,8
Viðidalsá, Þverá, Húasad. *																											
Hrófa *																											
Prestbakkaá	45	0	45	118	2,6	37	37	0	0,0	2,1	8	8	0	0,0	5,2	0	0	0	0,0	0	0	0	0	0	0,0	0	0,0
Krossá	43	5	38	116	3,1	32	30	2	6,3	2,3	11	8	3	27,3	5,9	3	3	0	0	2	0,6	2	2	0	0,0	2	1,0
Víkurá	73	3	70	217	3,1	49	48	1	2,0	2,2	24	22	2	8,3	5,1	0	0	0	0,0	14	14	0	0,0	10	0,7		
Laxá í Hrútafirði	31	9	22	56	2,6	24	18	6	25,0	2,3	7	4	3	42,9	5,1	4	4	0	0	1	0,2	2	2	0	0,0	1	0,4
Vestfirðir samtals:	914	241	673	1844	2,7	638	546	92	14,4		271	127	144	53,1		177	106	71	67,0	74	0,7	1277	1188	89	7,0	671	0,6

* skýrsla barst ekki.

Veidiðimálastofnun hefur um árabil kallað eftir veiðitölum frá öllum veiðifélögum um veiðar á vatnasvæðum á Íslandi. Þessar skýrslur eru helstu heimildir sem hægt er að byggja áreiðanlegar tölur um veiði laxfiska í ám og vötnum á Íslandi. Þegar rýnt er í veiðisvæðin fyrir Vestfirði sýna þau nokkuð glögga mynd af þeim veiðisvæðum sem nýtt eru markvisst á svæðinu.

Það ber þá að taka fram að sennilega eru flest vötn og flestar ár á Vestfjörðum sem geyma einhverja fiska og með vilja og þolinmmæði væri sennilega hægt að skrá veiði í þeim öllum. Fæst þessara svæða eru hinsvegar stunduð markvisst og ekkert þeirra sem er á listanum í töflu 1 er seld til veiðimanna með formlegum hætti. Á því er þó ein mikilvæg undantekning, en hægt er að kaupa veiðileyfi í Ósá í Bolungarvík og hefur það verið selt í bensínstöðinni í Bolungarvík um árabil. Samkvæmt upplýsingum frá söluaðilum veiðast hinsvegar fáir laxar í ánni hvert ár og er Ósá ekki seld sem „laxveiðiá“. Af þeim sökum er Ósá ekki tekin inní þessa greiningu.

Jafnframt er mikilvægt að átta sig á breytileika náttúrunnar. Sum árin er góð veiði, á meðan önnur eru erfiðari og veiðin lítil. Svo var einmitt með árið 2014, en þá var heildarlaxveiði á Vestfjörðum aðeins 914 laxar, sem er um 60% af meðalveiðinni síðustu fimm ár á undan.

Það er því notast við fimm ára meðaltal laxveiða á Vestfjörðum í þessari skýrslu. Laxveiði 2010 til 2014 kemur fram í töflu 1 hér fyrir neðan.

Tafla 1. Stangveiði á Vestfjörðum 2014²


Lax	2014	2013	2012	2011	2010
Gufudalsá	18	30	0	0	46
Þorskafjarðará	51	20	97	41	42
Vatnsdalsá í Vatnsfirði		103	30		
Fjarðarhornsá	98	236	97	89	153
Skálmardalsá	2	8	0	1	
Mórudalsá					98
Suðurfossá	29	85	24	60	
Staðará í Súgandafirði	65	103	55	58	28
Fljótavík					
Heydalsá					
Fossá í Skutulsfirði				1	
Langadalsá	158	475	152	263	251
Ísafjarðará	48	119	47	53	37
Laugardalsá	138	404	159	184	543
Laugardalsvatn					
Hvannadalsá	68	213	62	100	452
Selá í Ísafjarðardjúpi	4	0	0		
Bjarnarfjarðará		5			
Hvalsá	18			11	10
Selá í Steingrímsf.	11	30	32	38	64
Staðará í Steing.	14				
Miðdalsá					
Víðidalsá, Þverá, Húsad.		162	81	141	220
Hrófá			20	36	81
Prestbakkaá	45	72	19	84	55
Krossá	43	94	38	76	161
Víkurá	73	131	40	119	109
Laxá í Hrútafirði	31	35	6	7	37
	914	2325	959	1362	2387

² Veiðimálastofnun – veidimal.is

Laxveiði á áhrifasvæði Laxeldis á Vestfjörðum

Samkvæmt þeim reglum sem fiskeldi á Íslandi vinnur eftil í dag eru takmarkanir á svæðum þar sem hægt er að stunda eldi við Íslandsstrendur eins og fram kemur í mynd 3 hér fyrir neðan.



Mynd 3. Friðunarsvæði í sjó sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt³



Hér eftir er vísað til þessa svæðis sem áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum.

Ef skoðaðar eru tölur um laxveiði fyrir það svæði á Vestfjörðum þar sem laxeldi er heimila, þá fækkar ánum nokkuð. Samtals eru fimm ár sem selja laxveiðileyfi á opinberum markaði á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum.

Mynd 4. Kort af laxveiðiá á áhrifasvæði laxeldis á Vesfjörðum



³ <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Fiskeldisskyrsla-2014.pdf> - bls 6.

Vissulega er hægt að skilgreina einhverjar ár innan þessa svæðis sem laxveiðiár, en þær eru allar annaðhvort ekki í almennri sölu og hafa því ekki áhrif á efnahagslegt umhverfi eða veiði í þeim er of lítil til að sala veiðileyfa og rekstur byggður á því standi undir sér.

Í þessu sambandi er vert að benda á skilgreiningu Sigurbergs Steinsson frá 2009 í ritgerðinni „Stangaveiðimarkaðurinn á Íslandi“⁴ þar sem laxveiðiár skilgreindar sem ár þar sem veiðist 60 laxar eða fleiri.

Tafla 2: Laxveiði á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum 2014.

Laxveiði	2014	2013	2012	2011	2010	Meðaltal
Staðará í Súgandafirði	65	103	55	58	28	62
Langadalsá	158	475	152	263	251	260
Ísafjarðará	48	119	47	53	37	61
Laugardalsá	138	404	159	184	543	286
Hvannadalsá	68	213	62	100	452	179
	477	1314	475	658	1311	847

Laxveiði á Vestfjörðum í samanburði við önnur svæði

Til að átta sig á umfangi laxveiða á Vestfjörðum og á áhrifasvæði fiskeldis á vestfjörðum er áhugavert að setja það í samhengi við önnur landsvæði.

Tafla 3: hlutfall laxveiða milli landsvæða á Íslandi⁵

Laxveiði 2014	Fjöldi laxa	Hlutfall
Reykjanes	1.784	5,3%
Vesturland	8.792	26,2%
Vestfirðir	914	2,7%
Norðurland Vestra	7.637	22,7%
Norðurland eystra	3.448	10,3%
Austurland	2.591	7,7%
Suðurland	8.432	25,1%
Áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum	477	1,4%
	33.598	100%

Í töflunni hér fyrir ofan kemur fram að um 1,4% þeirra laxa sem veiddir eru á Íslandi veiðast á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum.

⁴ Stangaveiðimarkaðurinn á Íslandi – Mat á heildartekjum af laxveiðisölu. Lokaritgerð til BS prófs við háskólann á Bifröst.

⁵ Veiðimálstofnun - Lax- og silungsveiðin 2014 – bls 20. http://veidimal.is/Files/Skra_0071558.pdf

Tekjugreining

Tekjugreining vegna veiða á þeim vatnsvæðum sem hér er fjallað um er skilgreind með vísan í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2004, „*Lax- og silungsveiði á Íslandi – Efnahagsleg áhrif*“⁶.

Samkvæmd henni eru laxveiðiár skilgreindar í 5 flokka, eftir fjölda veiddra laxa í hverri á og umfangi þeirrar þjónustu sem veitt er veiðimönum. Í þessari greiningu er notast við flokk 2 og 3, til að skilgreina stærð þeirra, umfang og þjónustu.

Flokkur 2 eru ár þar sem veiðast 200 til 500 laxar og ýmist er við árnar veiðihús með eða án þjónustu.

Flokkur 3 eru ár þar sem veiðast 50-200 laxar og við árnar er oftast veiðihús en engin þjónusta er í boði.

Niðurstaða flokkunar er sem hér segir:

Tafla 4. Flokkun laxveiðiáa á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum

	Veiði 2014	5 ára meðaltal	Flokkun
Staðará í Súgandafirði	65	62	2
Langadalsá	158	260	2
Ísafjarðará	48	61	3
Laugardalsá	138	286	3
Hvannadalsá	68	179	3
Samtals:	481		481

Þetta er nokkur einföldun á þessum ám, en erfitt er að flokka þær nákvæmlega þar sem veiði sveiflast nokkuð á milli ára og stundum eru þær yfir skilgreiningu og stundum undir.

Tekjugreining í skýrslu Hagfræðistofnunar greinir tekjur af laxveiði í annarsvegar beintar tekjur landeiganda og veiðifélaga og svo tekur leigutaka (þeirra sem selja sjálf veiðileyfin). Jafnframt eru metnar þær tekjur sem veiðimenn skapa með því að fara í veiði eins og t.d. ferðakostnaður, verslun í veiðibúðum o.p.h.

Í köflunum hér á eftir er leitast við að nota sömu forsendur og í skýrslu hagfræðistofnunar, aðlaga þær að aðstæðum dagsins í dag og uppfæra þær til samræmis við verðlag ársins 2014.

⁶ <http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2004/C0406-Lax-og-silungsveidi-a-Islandi-efnahagsleg-ahrif.pdf>

Tekjur veiðifélaga

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólangs er reiknað út tekjur á hvern veiddan lax og svo tekjur á hvern stangadag. Búast má við að þessar tölur séu hliðstæðar verðmætasköpun laxveiðíáa á Vestfjörðum í dag. Sennilega er um eitthvað ofmat þar sem árnar á Vestfjörðum eru á mörkunum að falla í þá flokka sem þær eru skilgreinar í.

Mynd 5. Niðurstaða tekjugreiningar veiðifélaga úr skýrslu hagfræðistofnunar fyrir flokk 2 og 3.

Tafla 3.11. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 2 (verðlag í mai 2014) Tafla 3.12. Tekjur og kostnaður veiðifélaga í flokki 3 (verðlag í maí 2004)

Fjöldi veiðifélaga	19	Fjöldi veiðifélaga	32
Heildarfjöldi veiddra laxa (2003)	7.043	Heildarfjöldi veiddra laxa (2003)	3.628
Meðalfjöldi veiddra laxa (1993-2003)	7.245	Meðalfjöldi veiddra laxa (1993-2003)	3.813
Heildarframboð stangardaga	9.090	Heildarframboð stangardaga	8.100
Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	155-170	Heildartekjur vegna sölu/leigu á svæðinu (milljónir kr.)	64-70
Tekjur á veiddan lax	22-24.000	Tekjur á veiddan lax	16-18.000
Tekjur á stangardag	24-27.000	Tekjur á stangardag	8-8.600

Notast var við meðalveiði sl.fimm ára og talningu stangadaga til að fá samanburð við niðurstöðuna frá 2004 hér fyrir ofan.

Notast var við vísitölu neysluverðs til að uppfæra tekjur á veiddan lax og verð á stangadag. Notast var við vísitölu neysluverðs frá 1.júní 2004 (228,7) og 1.júní 2014 (397,6)⁷

Niðurstaðan er sem hér segir.

Tafla 5: heildartekjur stangaveiðifélaga 2014 fyrir flokk 2 og 3

Flokkur 2		Flokkur 3	
Fjöldi veiðifélaga	2	Fjöldi veiðifélaga	3
Heildarfjöldi veiddra laxa 2014	296	Heildarfjöldi veiddra laxa 2014	181
Meðalfjöldi veiddra laxa (2010-2014)	545	Meðalfjöldi veiddra laxa (2010-2014)	302
Heildarfromboð stangadaga	580	Heildarfromboð stangadaga	450
Tekjur á veiddan lax	39.986	Tekjur á veiddan lax	29.555
Tekjur á stangadaga	44.332	Tekjur á stangadaga	14.430
Heildartekjur mv. Veiddan lax	21.808.369	Heildartekjur mv. Veiddan lax	8.913.750
Heildartekjur m.v. Stangadaga	25.712.742	Heildartekjur m.v. Stangadaga	6.493.380

Aths. í útreikningum á tekjum á veiddan lax og stangadaga var notast við meðaltal úr verðbili í skýrslu hagfræðistofnunar.

Niðurstaðan hér fyrir ofan er nokkuð frábrugðin eftir því hvort miðað er við tekjur á veiddan lax eða stangadag. Ýmsar ástæður geta verið að bak við þessar niðurstöður og ómögulegt að rekja orsakir þess í þessari skýrslu. Til að bregðast við mismunandi útkomu er meðaltal þessarra tveggja talna ákvörðuð sem niðurstaða tekjugreiningar veiðifélaga.

Tekjur veiðifélaga í flokki 2: 23.760.555.-

Tekjur veiðifélaga í flokki 3: 7.703.565.-

⁷ www.hagstofa.is

Samtals eru því heildartekjur veiðifélaga af leigu laxveiðisvæða á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum kr.**31.464.120.-**

Ef þessar tölur eru bornar saman við tekjugreiningu Sigurbergs⁸ sem metur sölu allra laxveiðiáa á Vestfjörðum á 37,5M árið 2009. Þegar litið er til veiddra laxa á áhrifasvæði fiskeldisins og leiðrétt fyrir hækkun vísitölu milli 2009 og 2014 er niðurstaðan svohljóðandi.

Tafla 6. Uppreknaðar tekjur frá tekjumódeli Sigubergs

	Fjöldi laxa 2014	Tekjur 2009	Uppreknaðar tekjur 2014
Laxveiði á Vestfjörðum	1589	37.500.000	46.289.972
Laxveiði á áhrifasvæði	847	19.983.956	24.668.181

Uppreknaðar tekur úr greiningu Sigurbergs er umtalsverð lægri heldur en niðurstaða byggð á greiningu Hagfræðistofnunar. Sigurbergur leggur í sinni greiningu talsverða áherslu á að greina raungögn sem hann byggði á verðlagi á vatnsvæðum árið 2009. Ofaná þá greiningu var gerð flokkun sem lagði m.a. mun meiri áherslu á þjónustu í veiðihúsum. Þ.e. að laxveiðiár sem bjóða uppá veiðihús þar sem matur er framreiddur og boðið er uppá uppábúin rúm eru talin verðmætari en þær ár sem bjóða ekki uppá sambærilega þjónustu.

Það má því leiða líkur að því að mat sem byggir á mati Hagfræðistofnunar er síst of hátt og líklegast eiththað ofmetið.

Tekjur leigusala

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu hagfræðistofnunar Háskólans má gera ráð fyrir að álag leigusala sé 25-35%. Nú eru tvær þeirra laxveiðiáa sem um er rætt seldar í beinni sölu án ávinnings leigusala, má færa rök fyrir því að heilsarálagning leigusala á Vestfjörðum sé í lægri mörkum eða 25%

Tafla 7. Tekjur veiðileyfissala

Heildartekjur	31.464.120	25% 7.866.030
---------------	------------	-------------------------

⁸ Stangaveiðimarkaðurinn á Íslandi – Mat á heildartekjum af laxveiðisölu. Lokaritgerð til BS prófs við háskólann á Bifröst.

Aðrar tekjur af erlendum og innlendum veiðimönnum

Erlendir og innlendir veiðimenn haga sér mismunandi í veiði og tekjur frá þeim skiptast á mismunandi hátt⁹. Þar sem um fáar er að ræða er erfitt að skilgreina fjölda út frá almennum tölu.

Jafnframt er óhentugt að notast við hlutfallstölur úr skýrslu hagfræðistofnunar, þar sem fjöldi erlendra ferðamanna hefur fjölgar gífurlega frá 2004 og eiga illa við í dag. Sem dæmi væru einfaldlega ekki til nægilega margar ár, eða nægilega margir fiskar fyrir allan þann fjöldu til að veiða ef sama hlutfall erlendra ferðamanna kæmi í veiði í dag og var notað í skýrslunni 2004.

Betri greining er að taka hverja á fyrir sig. Slík greining gefur betri mynd, þó vissulega séu annmarkar á slíkri greiningu sökum hversu úrtakið er lítið.

Tafla 8. Greining á erlendum v.s. innlendum veiðimönnum

Veiði 2014	Stangadagar	% erlendra veiðimanna	Meðalveiðidagar pr. veiðimann	Erlendir veiðimenn	Innlendir veiðimenn	Samtals
Langadalsá	360	40%	2,5	58	86	144
Laugardalsá	270	30%	2,5	32	76	108
Hvannadalsá	180	10%	2	9	81	90
Ísafjarðará	120	0%	1,5	0	80	80
Staðará í Súgandafirði	60	0%	1	0	60	60
Aðrar ár						
Samtals:	990			99	383	482

Samkvæmt töflunni hér fyrir ofan má gera ráð fyrir að tæplega fimmhundruð veiðimenn stundi laxveiðar á áhrifasvæði laxeldis á Vestfjörðum.

Hvað eru aðrar tekjur?

Veiðimenn er jafnframt ferðamenn sem ferðast um landið til að stunda veiðiskap. Samkvæmt þeim greiningum sem hér eru fyrir ofan má búast við því að tæplega fimm hundruð manns ferðist til að renna fyrir lax á áhrifasvæði laxeldis á Vestfjörðum

- Tekjur af ferðalögum
 - o Gisting og fæði
 - o Bílaleigubílar
 - o O.s.frv.
- Vörur til stangveiða
 - o Flugur og annar búnaður

Slíkum ferðalögum fylgir kostnaður og samsvaranleg neysla sem skilgreindar eru sem tekjur sem stangveiðar búa til.

⁹ <http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/C-Series/2004/C0406-Lax-og-silungsveidi-a-Islandi-efnahagsleg-ahrif.pdf>

Aðrar tekjur af innlendum laxveiðimönnum

Í rannsókn Hagfræðistofnunnar Háskóla Íslands kemur fram að árið 2004 var heildardeysla innlendra veiðimanna utan kaupa á veiðileyfum 1,6 – 1,8 milljarðar króna. Uppreknað er það um 3 milljarðar króna á verðlagi ársins 2014.

Til að bera það saman við umfang laxveiða á Vestfjörðum er gott að bera saman hlutfallslega stærð laxveiði á Vestfjörðum og á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum.

Tafla 9. Samanburður á umfangi laxveiða á Íslandi og á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum

Stangafjöldi	2014	hlutfall
Ísland	40.000	100%
Áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum	1.030	2,7%
Veiddir laxar		
Ísland	33.598	100%
Áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum	481	1,4%

Ef varúðarútreikningar eru notaðir, má gera ráð fyrir að heildaráhrif innlendra veiðimanna séu 1,5%. Samkvæmt er heildardeysla innlendra veiðimanna fyrir utan kaup á veiðileyfum 44,3 milljónir.

Tafla 10. Útreikningur á ferðapjónustutengdum tekjum innlendra veiðimanna

	2004	2014	1,5%
Heildardeysla innlendra veiðimanna	1.600.000	2.781.635.330	41.724.530
	1.800.000	3.129.339.746	46.940.096
		Meðaltal	44.332.313

Aðrar tekjur af erlendum laxveiðimönnum

Ítarleg gagnaöflur hefur átt sér stað meðal erlendra ferðamanna undan farin ár. Ferðamálastofa gefur út yfirgripsmikið gagnasafn á heimasíðu sinni þar sem m.a. kemur fram eyðsla ferðamanna á Íslandi¹⁰.

Þar kemur fram að meðaleyðsla ferðamanns á Íslandi 2014 var kr.158.914.- Erlendir veiðimenn eru gjarnan vel stæðir einstaklingar og líklegt að þeir eyði meira á ferð sinni til Íslands. Þó ber að taka tillit til þess að gisting í veiðihúsi er inní veiðileyfi og önnur afþreying er ekki í boði á meðan veiði stendur. Stór hluti kostnaðar erlendra veiðimanna hefur því þegar verið talin fram í tekjum veiðiréttarhafa.

10

http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2015/mai/ferdatjon_i_tolun_15.pdf

Það er því rökrétt niðurstaða að notast við óbreytt meðaltal í útreikning á öðrum tekjum erlendra veiðimanna.

Niðurstaða tekjugreiningar á öðrum tekjum við erlenda veiðimenn er því $99 \times 158.914 =$
kr.15.732.486.-

Óbeinar og afleiddar tekjur af veiðimönnum

Í úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2003 um „Flug- og ferðaþjónusta á Íslandi¹¹“ kom fram ítarleg greining á „margföldurum“ í ferðaþjónustu og hvernig hægt væri að leggja mat á óbein og afleidd áhrif ferðamanna á Íslandi. Um þetta hefur líka verið fjallað um í öðrum rannsóknum og fræðigreinum.


Í rannsókn á áhrifum sem aukin ferðamannastraumur vegna byggingu Hörpu var rannsakaður kemur eftirfarandi fram um óbeinar og afleidd áhrif af ferðamönnum.

„**Óbein áhrif** eru sú starfsemi sem verður til utan ferðaþjónustunnar vegna starfsemi í henni. Dæmi um þetta er m.a. aðföng í ferðaþjónustunni sem skapa tekjur í fyrirtækjum utan hennar. Þessi fyrirtæki nota svo aðföng frá öðrum fyrirtækjum og þannig gengur efnahagshringrásin koll af kolli. Margs konar fyrirtæki tengjast þessum rekstri beint eða óbeint og erfitt getur reynst að greina þessi tengsl.

Afleidd áhrif. Með afleiddum áhrifum er átt við áhrif sem verða til vegna beinna og óbeinna áhrifa. Auðveldast er að hugsa sér þessi áhrif þannig að þegar eftirspurn eftir vöru eða þjónustu eykst reynist nauðsynlegt að auka framleiðslu viðkomandi vöru eða þjónustu. Aukning framleiðslu kallar á aukið vinnuafli sem aftur eykur tekjur heimila. Aukning á tekjum heimilanna eykur svo neyslu heimilanna sem kallar á enn meiri framleiðslu fyrirtækjanna. Frumáhrifin hér eru augljóslega beinu áhrifin og vert að skoða þau nánar.“

¹¹ http://www.ferdamalastofa.is/static/files/upload/files/Flug_lokaskyrslaPDF.pdf

Tafla 11. Skýring á tengslum óbeina og afleiddra áhrifa við bein áhrif af ferðamönum¹²



Það er niðurstaða skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2004 að margfaldarinn 4,04 gefi raunhæfa mynd á óbeinum og afleiddum áhrifum á beinni neyslu ferðamanna á Íslandi.

Það er svo annað mál í sjálfu sér að meta hvort veiðimenn séu yfir höfuð venjulegir ferðamenn. Það er mikil einföldun að meta alla veiðimenn sem fjallað er í þessari úttekt sem jafngilda öðrum ferðamönum sem koma hingað til lands. Meirihluti þeirra innlendu veiðimann sem stunda laxveiði á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum eru einstaklingar sem búsettir eru nálægt eða í nágrenni við veiðisvæðið. Þeir eyða þ.a.l. minni tíma til ferðalaga og eru ólíklegir til að kaupa sér aðra gistingu eða aðra ferðatengda þjónustu í kringum veiðiferðina.

¹² http://www.rmf.is/static/research/files/femaeti_ferdathjonustupdf

Lokaorð: heildartekjur laxveiði á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum

Samandregnar niðurstöður tekjugreiningar ásamt beinum og óbeinum áhrifum laxveiði á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum kemur fram í töflunni hér fyrir neðan

Tafla 12. Heildartekjur af laxveiði á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum

Tekjur veiðiréttarhafa	31.464.120
Tekjur vegna veiðileyfasölu	7.866.030
Aðrar tekjur af erlendum veiðimönnum	15.732.486
Aðrar tekjur af innlendum veiðimönnum	44.332.313
Samtals beinar tekjur	99.394.949
Óbeinar og afleiddar tekjur	401.555.596
Samtals	500.950.545